

Fundargerð 5. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Langholti, VRÍI, HÍ.

Tími: 20. nóv. 2012 kl. 9.15-10:30

Viðstaddir: Aldís Ingimarsdóttir (AI), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Dagur Jónsson (DJ) og Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ).

Forföll: Jónas Elíasson (JE).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðustu funda
2. Málþingið Líffræðileg hreinsun skólps
3. Staða á innheimtu félagsgjalda
4. Störf vorannar
5. Önnur mál

1. Fundargerð síðustu funda

Fundargerðir 3 og 4 voru samþykktar.

2. Málþingið Líffræðileg hreinsun skólps

Málþingið um líffræðilega hreinsun skólps gekk framur vonum. 120 manns voru skráðir á þingið og setið var í hverju sæti. 17 nýir félagsmenn skráðu sig inn og fjörugar umræður í panel fóru fram á eftir framsöguverandi. Breiður hópur sótti þingið, heilbrigðisfólk, tæknifólk af stofum, bæjarstarfsmenn, fyrirtæki sem tengjast sölu á búnaði, veitustofnanir (OR), umhverfisstofnum og aðilar frá háskólunum. Öll erindi voru birt á vefsíðu VAFRÍ samdægurs. Nú er unnið að því að setja saman ráðstefnurit úr erindunum. ÍÞ og HÓA munu hafa samband við fyrirlesara og ýta eftir erindunum, óskað verður eftir að fá þau fyrir 1. des. Einnig á eftir að skrifa fréttatilkynningu fyrir Verktækni.

3. Staða á innheimtu félagsgjalda

ÍÞ lagði fyrir texta til félaga VAFRÍ um greiðslu á félagsgjöld. Textinn var samþykktur og ÍÞ mun senda emailið síðar í vikunni.

4. Störf vorannar

DJ lagði til að viðburður að vori 2013 muni fjalla um fyrsta hluta vatnsveitukerfa, þ.e. vatnsöflun og vatnsvernd. Tekið var saman á minnisblaði hugmyndir að dagskrá,

markmiði og hver markhópur getur verið. Það minnisblað verður unnið nánar varðandi dagskrá og skipulagningu viðburðarins af AI og DJ fyrir næsta fund. Markmið þingsins mun vera að kynna stöðu vatnsöflunar og vatnsverndar hér á landi og benda á helstu vandamál varðandi vatnsöflun, þannig má stuðla að öruggari vatnsöflun. Stefnt er að því að halda þingið í mars (fyrir páska), hugsanlega á degi vatnsins sem er 22. Mars. Ársfundur VAFRÍ verður haldinn í maí.

5. Önnur mál

Vefsíða er komin upp fyrir félagið: <http://www.vafri.hi.is> Áfram verður unnið að efni á síðuna varðandi fræðslu og að koma efni yfir á enska hlutann. HÓA mun stýra þeirri vinnu.

DJ kynnti félag sem heitir John Snow society með heimasíðuna:

<http://www.johnsnowsociety.org/>

Það félag hefur það að markmiði að heiðra og halda uppi minningu Dr John Snow og hans verkum en hann var frumkvöðull á heilbrigðissviði.

Fundi var lokið um kl. 10:55

Næsti fundur verður 15. Janúar 2013. Klukkan 9.

Fundarritari: Aldís Ingimarsdóttir, aldisi@ru.is